

STJÓRNARTÍÐINDI B 103 – 2001

Nr. 723

2062

2. október 2001

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 578/2000 um álagningu spilliefnagjalds.

1. gr.

Eftirfarandi tollskránúmer falla úr viðauka I:

3811.1100	– – Að stofni til úr blýsamböndum	10,00 kr./kg
3811.1900	– – Önnur	10,00 kr./kg
3811.9000	– Annað	10,00 kr./kg

2. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga nr. 56/1996 um spilliefnagjald og öðlast gildi 15. október 2001 og tekur til allra vara sem þá eru ótollafgreiddar.

Umhverfissráðuneytinu, 2. október 2001.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 724

2. október 2001

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 484/1998 um gæðamat, flokkun og merkingu sláturafurða með síðari breytingum.

1. gr.

Við 2. gr. bætist nýr stafliður, g-liður sem orðast svo:
kirtla og fitu úr nárabandi sauðfjársrokka.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 2. október 2001.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.